



Fréttabréf Brekkuskóla

10. október 2016
2. tbl. skólaárið 2016 - 2017
Ábyrgðarmenn: Stjórnendur

Ágæta skólasamfélag.

Skólaárið fer vel af stað, nemendur og starfsfólk komið á fullt í að vinna eftir áætlunum skólaársins. Það er mjög gaman að finna allan þennan kraft og dugnað sem býr hér í fólki, stóru og smáu við að takast á við þau óþrjótandi verkefni sem þarf að sinna. Samstarf heimilis og skóla er mjög mikilvægur hlekkur í skóla-starfinu eigi það að ganga vel fyrir sig. Þetta samstarf þarf að rækta vel og tryggja að foreldrar eigi greiðan aðgang að skólanum og öfugt. Foreldrar og forráðamenn eru máttarstólpar sem börnin reiða sig á og jafnframt sterkustu mótunaraðilar þeirra. Þeir hafa ótvíræð áhrif á það hve mikið börn fá út úr skólagöngu sinni. Brekkuskóli gerir ýmislegt til að tryggja aðgang foreldra að upplýsingum um skólastarfið.

Við notum Mentor, en þar eru ýmsar upplýsingar eins og stundaskrár, kennsluáætlanir, verkefnabækur og ástundunaryfirlit. Við gefum út fréttabréf og boðum foreldra og nemendur í samtöl með umsjónarkennara tvisvar á ári. Einnig geta foreldrar beðið um samtal við kennara eða stjórnendur, hringt eða komið í skólann og rætt málin þegar þurfa þykir.

Framundan er aðalfundur foreldrafélagsins, skólþing og haustfrí.

Við óskum öllum aðilum skólasamfélags Brekkuskóla góðs gengis í störfum sínum.

Með kveðju úr skólanum, skólastjórnendur

Útivistarreglurnar

Börn, 12 ára og yngri, mega ekki vera á almannafæri eftir klukkan 20.00 nema í fylgd með fullorðnum. Börn, sem eru á aldrinum 13 til 16 ára, skulu ekki vera á almannafæri eftir klukkan 22 enda séu þau ekki á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþróttadeða æskulýðssamkomu. Á tímabilinu 1. maí til 1. september lengist útivistartími barna um tvær klukkustundir.

Aldersmörk þessa ákvæðis miðast við fæðingarár en ekki fæðingardag. Sömu opinberu reglur gilda því um öll börn í sama árgangi.

Brekkuskóli

v/Skólastig
600 Akureyri
sími 462-2525
www.brek.akureyri.is

Aðalfundur foreldrafélagsins 11. október kl. 20:00

- Venjuleg aðalfundarstörf
- Kjartan Ólafsson, lektor við HA flytur erindið: "Snjöll tæki í ósnjöllum höndum?"
- Helena Sigurðardóttir og Margrét Þóra Einarsdóttir flytja erindið: "Að nýta tækni til náms"
- Önnur mál m.a. umferðaröryggi við Brekkuskóla

Nemendur í 7. bekk munu framreiða ljúffengar vöflur og kaffi gegn vægu gjaldi til fjáröflunar Reykjaferðar

"Mæting á aðalfundi foreldrafélagsins er nánast skylda og viljum við ítreka að ætlast er til að öll heimili sendi frá sér einn fulltrúa á fundinn".

Stjórn foreldrafélags Brekkuskóla

Menntun

Gleði

Umhyggja

Framfarir

Matseðill og viðburðir í október 2016

	3. okt. Kjötbúðingur, kartöflur, sósa, salat og ávextir.	4. okt. Silungur, kartöflur, sósa, salat og ávextir.	5. okt. Kjöt í karrý, kartöflur, sa lat og ávextir.	6. . Bakaður fiskur, kartöflur, sósa, salat og ávextir. Eldbarnið sýning fyrir 6. bekk	7. Rjómalöguð súpa, brauð, álegg og ávextir.	8.
9.	10. Fiskibollur, kartöflur, sósa, salat og ávextir	11. Kjöt, kjötsúpa og ávextir Skólaping	12. Grænmetisbuff, hrísgrjón, salat sósa og ávextir.	13. Gufusoðin ýsa, kartöflur, rúgbrauð, salat og ávextir	14. Gúllas, kartöflumús, grænmeti og ávextir	15.
16.	17. Plokkfiskur, kartöflur, rúgbrauð, salat og ávextir	18. Lasagne, brauð, salat og ávextir.	19. Pizza, salat og ávextir	20. -Steiktur fiskur, kartöflur, sósa, salat og ávextir	21. Haustfrí Fristund opin	22.
23.	24. Haustfrí Fristund lokuð e. hádegi	25. Fiskiklattar, kartöflur, sósa, salat og ávextir.	26. Lambasnitsel, kartöflur, sósa, salat og ávextir	27. Fiskiréttur í ofni, hrísgrjón, salat og ávextir.	28. Rjómalöguð súpa, brauð, álegg og ávextir.	29.
30.	31.					

Skólaping í Brekkuskóla 2016

Þriðjudaginn 11. október kl. 9-11:30 er fyrirhugað að halda 40 - 50 manna skólaping í Brekkuskóla um samskipti og líðan.

Kveikjan að þessu þingi varð til hjá skólaráði skólans í kjölfar eineltiskönnunar sem við gerðum síðasta vetur og kom í ljós að einelti hafði vaxið hjá okkur frá árinu á undan. Á skólapingi sitja fulltrúar starfsfólks, nemenda, foreldra og Rósenborgar. Það verður unnið með fjórar grunnsurningar er varða líðan og samskipti og verða niðurstöður teknar saman í lokin og nýttar til að bæta skólann og líðan nemenda og starfsfólks. Markmið með skólapingi: Að efla nemendalýðræði og samvinnu allra sem að skólasamfélagi Brekkuskóla koma, að gera góðan skóla enn betri.

Við óskum eftir áhugasömum foreldrum til að sitja skólapingið. Þeir sem hafa áhuga eru vinsamlegast beðnir um að hafa samband með tölvupósti við Jóhönnu Maríu Agnarsdóttur johannam@akmennt.is eða Sigríði Magnúsdóttur siggamagg@akmennt.is